

Nd.

73. Frumvarp til laga

[70. mál]

um breyting á lögum nr. 101 frá 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sbr. lög nr. 68/1976.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Sighvatur Björgvinsson, Magnús H. Magnússon,
Karvel Pálmason, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Í stað orðanna „og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu“ í 1. mgr. 5. gr. laganna komi orðin: og hámarksverð landbúnaðarafurða í heildsölu og smásölu.

2. gr.

Orðin „eða garðávexti“ í 11. gr. laganna falli niður.

3. gr.

25. gr. laganna (5. gr. laga nr. 68/1976) breytist á þessa leið:

- a. Í stað orðsins „verði“ í 2. mgr. komi: hámarksverð.
- b. Orðin „hinu skráða“ í sömu mgr. falli niður.

4. gr.

Síðasti málsliður 32. gr. laganna orðist svo:

Leyfi skal veita uppfylli aðili fyllstu kröfur um heilbrigði og hollustuhætti við meðferð og geymslu grænmetis og gróðurhúsaafurða og gildir leyfið til tveggja ára í senn.

5. gr.

Í stað 1. málsliðar 34. gr. laganna komi tveir málsliðir sem orðist svo:

Ríkisstjórnin (viðskiptaráðuneytið) veitir leyfi til innflutnings á kartöflum og nýju grænmeti. Leyfið skal því aðeins veitt að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn og innflutningsaðili uppfylli kröfur um heilbrigði og hollustuhætti, sbr. 32. gr.

6. gr.

Síðari málsgr. 36. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur framleiðsluráð viðurkennt framangreinda aðila skv. fyrri málsgrein þessarar greinar, og skal þá leita umsagnar þeirra um leyfisveitingar, skv. 32. og 34. gr.

7. gr.

Orðin „d. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af kartöflum til jöfnunar á flutningskostnaði milli sölusvæða“ í 40. gr. laganna (10. gr. laga nr. 68/1976) falli niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi til laga er lagt til að lögum nr. 101 frá 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verði svo breytt, að einokunarákvæði um sölu á matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu falli niður. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því, að framleiðsluráðið fari með yfirstjórn solumála matjurta- og gróðurhúsaafurða, svo sem segir í 32. gr. nefndra laga. Ekki er lögð til önnur breyting á Grænmetisverslun landbúnaðarins en sú, að fleiri aðilar fái að versla með þessar vörutegundir, að uppfylltum skilyrðum. Þá er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi, að Sexmannanefndin ákveði ekki verð á þeim matvælum, sem hún fjallar um, heldur hámarksverð.